

Dags.	Athugasemd/ áþending frá2	Efni/varðar	Athugasemd /áþending	Viðbrögð við athugasemdum/áþendingum	Column1	Column2
12.04.2024	Bragi Már Bragason Míla	Samráð	Á svæðinu eru lagnir í eigu Milu. Við óskum eftir að haft verði samráð við okkur þegar til framkvæmda kemur.	Ákvæði sett inn í kafla 4.3 varðandi hönnun. Í kafla 4.11 eru þegar inni ákvæði um samráð vegna framkvæmda.		
15.04.2024	Sigrún Björk Jakobsdóttir Isavia	Takmarkanir	Isavia Innanlandsflugvellir komu sínum áþendingum á framfæri á vinnufundi með skipulagsyfirvöldum og hafa ekki frekari athugasemdir við tillöguna á þessu stigi.	Kallar ekki á viðbrögð.		
16.04.2024	Sigurður Friðgeir Friðriksson Vegagerðin - Vestursvæði	Almennt	Vegagerðin hefur yfirfarið endurskoðun skv. 37. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 og 2. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, í samræmi við hlutverk stofnunarinnar og gerir ekki athugasemd.	Kallar ekki á viðbrögð.		
16.04.2024	Sigurður Friðgeir Friðriksson Vegagerðin - Vestursvæði	Lágsvæði	Vegagerðin minnir á að stofnunin er umsagnaraðili um aðalskipulag og deiliskipulag á lágsvæðum við sjó þar sem hætta er á sjávarflóðum. Við umsögnina er litið til viðmiðunarreglna Vegagerðarinnar um lágmarks land- og gólfhæðir sem taka mið af jarðskorpureyfingum og sjávarstöðuhækkunum sem ákvarðaðar eru hverju sinni miðað við nýjstu upplýsingar.	Vegagerðin er skilgreindur umsagnaraðili skipulagsins og tekið hefur verið mið af umsögn Vegagerðarinnar vegna skipulagslýsingar. Viðbrögð við sjávarflóðum og sjávarstöðuhækkun verður nánar útfærð í auglýstri tillögu.		
17.04.2024	Haukur Sigurðsson	Nýting	Lóðirnar á Suðurtanga 6, 8 og 10 eru í vinnslutillögunni sagðar fyrir "létta iðnað". Betur færi að þessar lóðir verði merktar einhvers konar (ferða)þjónustu. Starfsemi sem rímar við Bygðasafnið, Tjörhúsið og Sæfara, með góðan aðgang að einu náttúrulegu fjöru eyrarinnar. Þarna þarf að vanda vel til verka og byggja fallengt, því það sem þarna er byggt sést vel frá Pollinum.	Ákvæði bætt inn í kafla LÓÐIR FYRIR ALMENNA STARFSEMI á bls. 13 og í kafla 4.8. Einnig bætt inn "snyrtilegur" í nýtingu þessara lóða í töflu 4-2		
22.04.2024	Ólóf Anna Rudolfsdóttir Samgöngustofa	Almennt	Samgöngustofa gerir ekki athugasemdir.	Kallar ekki á viðbrögð.	Aftur send umsögn 16. maí. Gerir ekki athugasemd.	
22.04.2024	Halldór Valgarður Magnússon Orkubú Vestfjarða	Veitur	Í endurskoðun deiliskipulags segir „Háspennustrengur á vegum Orkubús Vestfjarða liggur eftir götunni Suðurtanga“. Þetta er ónákvæmt. Háspennustrengir á vegum Orkubús Vestfjarða eru í Ásgeirsgötu, Sundabakka, Suðurtanga, Æðartanga, Skarfatanga og Hrafnatanga. Spennistöðvar eru á Sundabakka, við Suðurtanga, Skarfatanga 1 og í þjónustuhúsi hafnarinnar við Hrafnatanga. Eftir er að ljúka við hringtengingu háspennustrenga milli Sundabakka og Hrafnatanga.	Stofnlagning veitna eru nú sýndar á uppdætti skv. upplýsingum frá OV.		
22.04.2024	Halldór Valgarður Magnússon Orkubú Vestfjarða	Samráð	Mikilvægt er að traust og góð samvinna sé á milli dreifiveitu og Ísafjarðarbæjar við skipulagningu svæðisins svo tryggja megí örugga orkudreifingu til nýrra lóðarhafa.	Kallað var eftir upplýsingum frá OV. Upplýsingarnar hafa verið færðar inn.		
22.04.2024	Halldór Valgarður Magnússon Orkubú Vestfjarða	Veitur	Stofnlögn hitaveitu liggur um Sundabakka og Æðartanga. Frekari stækkun hitaveitu og tenging bíður nýrra viðskiptavina.	Kallað var eftir upplýsingum frá OV. Upplýsingarnar hafa verið færðar inn.		
22.04.2024	Halldór Valgarður Magnússon Orkubú Vestfjarða	Orkuskipti	Mikilvægt er að horfa til orkuskipta, bæði í landi, með nýjum bílastæðum fyrir rafhleðslu og ekki síður þarf að huga að rafhleðslu minni og stærri skipa sem einsýnt er að mun stórukast í náinni framtíð .	Í kafla LÓÐIR FYRIR ALMENNA STARFSEMI er bætt inn heimild fyrir rafhleðslu fólksbíla. Í kafla um RAFVEITU er gert ráð fyrir landtengingum fyrir skip við Sundabakka. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um flutningsgetu lagna. Í kafla um RAFVEITU er ákvæði um innviði vegna orkuskipta á lóum við Sundabakka og á gámasvæði. Gera má ráð fyrir að breyta þurfi deiliskipulaginu þegar fyrir liggur hvernig staðið verður að þessum málum. Í aðalskipulagsbreytingunni sem unnin er samhliða deiliskipulaginu er gert ráð fyrir		
24.04.2024	Lisabet Guðmundsdóttir Minjastofnun Íslands	Fornleifaskráning	Svæðið sem um ræðir var skráð árið 2002 - sjá: Ragnar Edvardsson & Ruth A. Maher (2002). Fornleifaskráning í Ísafjarðarbæ I., Náttúrustofa Vestfjarða og Fornleifastofnun Íslands, NV nr. 6-02, Bolungarvík. Hluti deiliskipulagssvæðisins var skráð á nýjan leik vegna Verndarsvæðis í byggð: Ragnar Edvardsson (2019). Fornleifaskráning í Ísafjarðarbæ, vegna verkefnisins „Verndarsvæði í byggð“. Bolungarvík. Eldri skráning uppfyllir ekki staðla Minjastofnunar Íslands en fornleifaskráning Neðstakaupstaðar uppfyllir skráningastaðla stofnunarinnar. Minjastofnun gerir ekki athugasemd við framkvæmdir á landfyllingu og gerir ekki kröfur um að það verði skráð á nýjan leik.	Kallar ekki á viðbrögð.		
24.04.2024	Lisabet Guðmundsdóttir Minjastofnun Íslands	Neðstikaupstaður	Neðstikaupstaður og framkvæmdir þar í kring Samkvæmt fornleifaskráningu er neðarlega á Eyrimni Neðstikaupstaður, þar er nú bygðasafn Ísafjarðar. Neðstikaupstaður er eitt af elstu hverfum Ísafjarðarkaupstaðar og hefur mikið varðveislugildi. Húsin eru friðlýst og tilheyra einnig verndarsvæði í byggð. Í deiliskipulagsstillingu eru byggingarreitur skilgreindir við svæði sem nýtur hverfisverndar sjá byggingarreiti 1, 4, 5, 6, 7, 8, 9 og 10. Nýbyggingar skulu í öllum tilvikum vera í samræmi við aðliggjandi byggð og götumynd. Minjastofnun itrekar að vanda skal við uppbyggingu á svæðinu og gæta þess að áhrif hennar verði jákvæð og tryggð varðveislu gömlu byggðarinnar.	Ákvæði bætt inn í kafla LÓÐIR FYRIR ALMENNA STARFSEMI og LÓÐIR FYRIR MIÐBÆJARSTARFSEMI á bls. 13 og í kafla 4.8. Einnig bætt inn "snyrtilegur" í nýtingu Suðurtanga 6-10 í töflu 4-2. Suðurtangi er fyrir miðbæjarstarfsemi.		

24.04.2024	Lisabet Guðmundsdóttir Minjastofnun Íslands	Verndarsvæði í byggð	Enn fremur bendir hún á þá skilmála sem staðfestir voru af bæjarstjórn og ráðherra undir lok ársins 2023. <ul style="list-style-type: none"> • Menningarverðmætum sem felast í varðveislu kaupstaðanna þriggja verði haldið á lofti sem fæðingastöðum Ísafjarðar sem þéttbýlis. • Kaupstaðirnir myndi áfram hver um sig litla byggingaklassa. • Leiðin á milli kaupstaðana um Aðalstræti verði styrkt sem söguleið. • Aðgengi almennings að menningar- og náttúruminjum sé tryggt. • Sjónlínur til sjávar frá kaupstöðum viðhaldið. • Gömul örnefni verði endurvakin og notuð. Fágæt bæjarrými Markmið • Staðinn verði vörður um göturými og haldið í mjúka jaðra, uppbrot og fínleika byggðarinnar. • Göturýmið verði áfram aðlaðandi, greitt og öruggt fyrir gangandi vegfarendur. 	Í kafla 4.14 er bætt inn undirkafla VERNDARSVÆÐI Í BYGGÐ og skilmálarnir settir inn. Ákvæði bætt inn í kafla LÓÐIR FYRIR ALMENNA STARFSEMI og LÓÐIR FYRIR MIÐBÆJARSTARFSEMI á bls. 13 og í kafla 4.8.
24.04.2024	Lisabet Guðmundsdóttir Minjastofnun Íslands	Fornleifar	Fornleifar Samkvæmt fornlifaskráningu má gera ráð fyrir fornlifum í og við Neðstakaupstað. Ef til framkvæmda kemur í eða kringum Neðstakaupstað sem og svæðinu sem merkt er inn á mynd 1 [EBK: svæði milli Massa og slipps, sjá mynd í umsögn]. Fer Minjastofnun Íslands fram á könnunarrannsókn. Út frá þeim niðurstöðum tekur Minjastofnun ákvörðun hvort þörf sé á frekari mótþægisáðgerðum eins og fullnaðaruppgröft og/eða framkvæmdaefirlit. Stærð og staðsetning skurða verður ákvæðin í samráði við minjavörð.	Ákvæði bætt inn í kafla 4.14 undirkafla MENNINGARMINJAR.
24.04.2024	Lisabet Guðmundsdóttir Minjastofnun Íslands	Lög um menningarminjar	Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“	Ákvæðin eru þegar inn í kafla 4.14 undirkafla MENNINGARMINJAR.
2.05.2024	Hlynur Reynisson Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða	Urðun úrgangs og mengun	Heilbrigðiseftirlit gerir ekki athugasemdir við endurskoðun þessa en minnr á að víða á Suðurtanga var úrgangur urðaður þegar óbrennanlegt sorp var grafið þar. Ef komið er niður á úrgang þá skv. reglugerð 1400/2020 um mengaðan jarðveg þurfa hreinsunaraðgerðirnar að ná tilsettum mörkum í reglugerð og að hreinsunaraðgerðir eru starfsleyfisskyldar hjá Heilbrigðiseftirliti skv. 19.tl í viðauka IV í lögum nr. 7/1998.	Ákvæðum um mengun og hreinsun bætt við í kafla 4.7. LNDNOTKUN (LÓÐIR OG NYTINGARHLUTFALL).
2.05.2024	Sigurður Arnar Jónsson Slökkvilið Ísafjarðarbæjar	Almennt	Slökkvilið Ísafjarðarbæjar gerir ekki athugasemdir við þetta breytta skipulag í Suðurtanga.	Kallar ekki á viðbrögð.
Frestur til að skila umsóknum rann út 3. maí				